

Alþingi  
Erindi nr. P III / 55  
komudagur 15/11 1988

1

Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar,  
Hr. Páll Pétursson formaður,  
Alþingi.

Reykjavík, 14. nóvember 1988.

Fjármögnunarfyrirtækin, Féfang hf., Glitnir hf., Lind hf. og Lýsing hf. hafa fjallað um frumvarpsdrög um eignarleigu, en óskað var eftir athugasemdum við drögin fyrir 15. nóvember n.k.

Fjármögnunarfyrirtækin eru sammála um nauðsyn þess að sett sé löggjöf um starfsemi fjármögnunarfyrirtækja, en telja að slík löggjöf eigi að vera rammi um fjármögnunarstarfsemi almennt en ekki um eina tegund slíkrar starfsemi, þ.e. eignarleigu, eins og drögin bera með sér.

Sú leið sem nefndin er frumvarpið samdi hefur valið, þ.e. að setja löggjöf um eina tegund fjármögnunarstarfsemi er vandfarin að því leyti að hætt er við að nýjungar á sviði fjármögnunar lendi utan ramma laganna og/eða starfandi fyrirtækjum t.d. á sviði eignarleigu verði meinað að auka við starfsemi sína með nýjungum ef verksviði þeirra er of þröngur stakkur sniðinn.

Meðfylgjandi athugasemdir eru sameiginlegt álit nefndra fyrirtækja.

#### FRUMVARP TIL LAGA UM EIGNARLEIGUSTARFSEMI. ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR GREINAR.

1. gr.

Engin athugasemd.

2. gr.

2. tl. greinarinnar segir að ákvæðið taki ekki til lánveitinga þeirra sem stunda framleiðslu og verslun. Erlendis er eignarleigustarfsemi framleiðenda og seljenda þekkt fyrirbæri. Hérlandis hefur einnig borið á slíkri starfsemi, t.d. má nefna eignarleigustarfsemi IBM á Íslandi. Ekki er ljóst hvaða tilgangi það þjónar að undanskilja sambærilega starfsemi þótt hún sé hjá

seljendum. Hafa ber í huga að skráð eignarleigufyrirtæki eiga í samkeppni við slíka starfsemi. Einnig er hætta á að aðilar geti komist hjá því að falla undir löginn með því að vera í samstarfi við seljendur.

Lagt er því til að seljendum sem hafa eignarleigustarfsemi með höndum verði gert skylt að stofna sjálfstæð félög um þessa starfsemi sem falli undir löginn.

### 3. gr.

Athygli er vakin á því að skilgreining á "víkjandi lánum" á ekki heima í sérlögum um eignarleigustarfsemi, heldur í almennum lögum t.d. hlutafélagalögum.

### 4.gr.

Eðlilegra er að 2. og 3. tl. eigi heima í hlutafélagalögum. Um eignarleigufélög eins og um önnur hlutafélög eiga að gilda í megin atriðum almenn lög.

### 5. gr.

Greinin virðist óþörf sbr. 15. gr.

### 6. gr.

Lýst er vonbrigðum með þá takmörkun á starfsvettvangi eignarleigufyrirtækja sem felst í greininni.

### 7. gr.

Eignarleigufélögin hafa ekki á móti því að settar verði lágmarkskröfur um áhættufé eigenda í starfseminni. Hins vegar verða 8% af heildarskuldbindingum að teljast mjög hátt hlutfall þegar sambærilegt hlutfall banka er 5%. Því er lagt til að miðað verði við 5% enda ekki sjálfgefið að útlánastarfsemi eignarleigufyrirtækjanna sé áhættusamari en bankanna.

## 8. gr.

Bent er á að ákvæði þessarar greinar, sem kveður á um að viðskiptamenn njóti jafnræðis um verð hljóti að vera á misskilningi byggð þar sem í athugasemdum með þessari grein er einungis talað um að viðskiptamenn njóti jafnræðis um upplýsingar um viðskiptakjör í eignarleigusamningnum. Því er lagt til að 1. setning 1. mgr. 8. gr. hljóði:

"Eignarleigufyrirtæki ber að haga starfsemi sinni á þann veg að viðskiptamenn þess njóti jafnræðis um upplýsingar um verð og önnur viðskiptakjör.

Þá er bent á að síðasta mgr. 8. gr. er óþörf sbr. 15. gr.

## 9. - 12. gr.

Engar athugasemdir.

## 13. gr.

Lagt er til að ákvæðið um heimild ráðherra til að svipta eignarleigufyrirtæki starfsleyfi á grundvelli opinberrar ákæru falli alveg út. Þetta ákvæði er andstætt meginreglum íslenskra laga sem er að aðili telst saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð .

Ljóst er að tilefnisflítil starfssvipting eignarleigufyrirtækis þótt um í skamman tíma sé að ræða getur riðið starfsemi þess að fullu.

## 14. gr.

Greinin á alls ekki heima í þessum lögum. Þessi atriði virðast eiga heima í sérstökum lögum um samruna fyrirtækja, hringamyndun og samkeppnishömlur, því slík lög hljóta að eiga að verða almenn. Lagt er til að greinin verði felld niður.


## 15. - 17. gr.

Engin athugasemd.


Ofangreindar athugasemdir eru sameiginlegt álit eignarleigufyrirtækjanna. Undirritaðir fulltrúar þessara fyrirtækja eru reiðubúnir til að koma á fund hjá þingnefndinni og ræða nánar einstök atriði þessara athugasemda, frumvarpið og annað sem snertir starfsemi eignarleigufyrirtækja ef það mætti vera til þess að aðstoða nefndina við að ganga frá álitinu á frumvarpinu.

Reykjavík, 14. nóvember 1988.


F.h. Féfangs hf.



F.h. Glitnis hf.



F.h. Lindar hf.



F.h. Lýsingar hf.

